

33. Stjórnarskráin okkar

Hverjum er skylt að gæta réttinda minna?

Málefni	Borgaravitund, lýðræði, þátttaka
Þyngdarstig	Stig 3
Aldur	10–13 ára
Tími	1. áfangi: 60–90 mínútur; 2. áfangi: 30–45 mínútur
Hópstærð	10–30 börn
Tegund verkefnis	Umræður, komist að samkomulagi, reglusmið
Yfirlit	Börnin vinna að „stjórnarskrá“ fyrir hópinn þar sem kveðið er á um réttindi þeirra og skyldur
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að skilja hvernig réttindi tengjast skyldum • Að tengja réttindi og skyldur í daglegu lífi • Að leggja áherslu á að allir taki þátt í að setja fram og vernda réttindi • Að setja reglur sem allir í hópnum eru sammála um
Undirbúningur	Enginn
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Blað og blýantur fyrir hvern þátttakanda • Flettitafla og merkipennar • Valfrjálst: Eintök af styttri útgáfu Barnasáttmálans



Leiðbeiningar

Fyrsti áfangi

- Kannaðu hvað börnin vita og skilja um reglur og skyldur, fyrst með því að nefna einhver boð og bönn sem þau skilja nú þegar. Segðu þeim að ljúka setningum á borð við: „Ég á ekki rétt á því að ___ vegna þess að ...“ (t.d. Ég á ekki rétt á því að lemja fólk þegar ég er reið(ur) vegna þess að ... / Ég á ekki rétt á því að koma illa fram við aðra.) Skráðu setningarnar og segðu svo börnunum að snúa þeim við (t.d. Ég á rétt á að vera ekki lamin(n)/ Ég á rétt á að komið sé vel fram við mig).
- Þegar börnin eru búin að læra að setja fram jákvæðar yfirlýsingar á borð við þessar, skaltu skipta þeim í litla hópa, fjórum eða fimm saman. Láttu hvern hóp fá pappír og merkipenna. Útskýrðu eftirfarandi fyrir þeim:
 - Hver hópur á að búa til þrjár eða fjórar grunnreglur fyrir allan hópinn.
 - Þau eiga að nota setningar eins og „Allir eiga rétt á að ...“ (t.d. Allir eiga rétt á að vera með).
 - Ekki má skrá þessa reglu nema allir í hópnum séu sammála um hana.
 - Markmiðið er ekki að setja margar reglur heldur vera einungis með reglur sem allir eru sammála um.
- Kallaðu börnin saman aftur og segðu hverjum hóp að kynna sínar reglur. Skráðu þær á töflu eins og sjá má hér aftar.
 - Spyrðu fyrst um þau réttindi sem hóparnir hafa tilgreint. Sláðu hliðstæðum réttindum saman og fáðu samþykki hópsins fyrir breytingu á orðalagi. Skráðu þau í „réttinda“-dálkinn á fletti-töflunni.
 - Síðan skaltu spyrja hvaða tilteknu skyldu allir verða að gegna til að allir njóti viðkomandi réttinda. Skrifðu niðurstöðuna í „skyldu“- dálkinn hægra megin og orðaðu hana þannig: „Mér er skylt að ...“ eða „Ég á að ...“



- c. Spyrðu síðan hvaða skylda fylgir hverjum réttindum fyrir sig. Skrifaðu svarið sem yfirlýsingu við hlið viðkomandi réttinda og hafðu það í fyrstu persónu (t.d. Mér er skylt að gæta þess að enginn sé skilinn út undan).

STJÓRNARSKRÁ	
RÉTTINDI	SKYLDUR
Allir eiga rétt á að komið sé vel fram við þá. Allir eiga rétt á að segja skoðun sína.	Mér ber skylda til að koma vel fram við alla. Ég á að leyfa öllum að tjá skoðanir sínar.

4. Þegar búið er að skrá öll þau réttindi og skyldur sem börnin hafa nefnt skaltu biðja þau að fara yfir drögin að stjórnarskránni sinni.
- Bentu þeim á að betra sé að vera með fáar góðar reglur en margar misgóðar. Er hægt að slá einhverjum reglum og skyldum saman? Er hægt að sleppa einhverjum?
 - Þarf að bæta einhverjum atriðum við?
5. Þegar listinn yfir réttindi og skyldur er tilbúinn skaltu spyrja börnin hvort þau geti notað þessar yfirlýsingar sem eins konar stjórnarskrá innan hópsins.
- Eru þau tilbúin til að virða eigin reglur?
 - Hverjum er skylt að gæta þess að allir fari að þessari stjórnarskrá?
 - Hvað gerist ef einhver brýtur gegn einhverjum réttindum?
 - Þarf að beita viðurlögum ef ekki er farið að reglunum? Hvers vegna?
6. Þegar allir eru orðnir sammála um stjórnarskrána skaltu ganga frá henni og hengja hana upp þar sem allir sjá hana. Segðu börnunum að þetta séu reglurnar sem fylgja skuli í leik og starfi og þær gildi bæði fyrir börn og fullorðna.
7. Ljúktu umræðunni með því að leggja áherslu á að reglur og skyldur stuðli að því að fólk geti lifað saman í sátt og samlyndi og að réttindi allra séu virt. Reglur vernda réttindi okkar (t.d. til að vera þátttakendur, hafa skoðun, læra, leika okkur o.s.frv.), veita okkur öryggi og vellíðan, og gera okkur skylt að virða réttindi annars fólks.

Samantekt og mat

- Segðu börnunum að ræða saman um þetta verkefni.
 - Var auðvelt fyrir hópinn að búa til lista yfir réttindi? Var auðvelt að gera listann yfir skyldur?
 - Var auðvelt að vinna saman í hópi? Hverjir eru kostirnir og gallarnir við að vinna saman í hópi?
 - Komu fram einhverjar hugmyndir um réttindi sem allur hópurinn var ekki sammála um? Hvers vegna?
 - Hvað varð um hugmyndirnar sem ekki var samstaða um? Reyndi einhver að sannfæra hina og fá þá yfir á sitt mál? Voru einhverjar hugmyndir teknar til endurskoðunar?
 - Hvað lærðu þið um ykkur sjálf í þessu verkefni? Hvað lærðu þið um reglur og skyldur?
 - Lærðu þið eitthvað um lýðræði?
- Fjallaðu um markmiðið með reglum og skyldum með því að spyrja spurninga á borð við þær sem hér eru nefndar og skráðu svör barnanna:
 - Hvaða reglum fylgið þið í lífinu (t.d. heima hjá ykkur, í skólanum eða annars staðar)? Hver bjó þessar reglur til?
 - Hvaða skyldum gegnið þið? Hver lagði ykkur þessar skyldur á herðar?
 - Hefur fullorðna fólk líka reglum og skyldum að gegna? Hvaðan koma þær reglur og skyldur?
 - Hvers vegna fylgjum við öllum reglum og skyldum? Þurfum við á þeim að halda?



- e. Hvað gerist ef einhver fer ekki að reglunum? Þarf að beita viðurlögum ef ekki er farið að reglunum? Hvers vegna?
3. Ræddu um hvernig réttindum og skyldum er framfylgt með því að spyrja spurninga á borð við:
- Þegar þið hafið að lokum komið ykkur saman um reglur og skyldur, hvernig getið þið þá tryggt að allir virði þær?
 - Hverjum er skylt að gæta þess að þær séu hafðar í heiðri?
 - Ætti það að hafa einhverjar afleiðingar fyrir viðkomandi ef hann eða hún fer ekki að reglunum? Hver ætti að ákveða hvaða afleiðingar það hefði?

Annar áfangi

1. Að nokkrum dögum eða vikum liðnum skaltu biðja börnin að endurskoða stjórnarskrána. Bentu þeim á að oft þurfi að færa lagasetningar til betri vegar, fella þær niður eða setja ný lög.
- Eru þau enn sammála um þau réttindi og skyldur sem þau tilgreindu?
 - Eru einhverjar skyldur erfiðari en aðrar þegar kemur að því að fylgjast með hvort þær séu uppfylltar? Hvers vegna?
 - Þarf að breyta einhverju í stjórnarskránni? Taka út? Bæta við?
2. Ræddu um hvernig réttindum og skyldum er framfylgt með því að spyrja spurninga á borð við:
- Er brotið gegn sumum réttindum oftast en öðrum? Hvers vegna?
 - Hverjum er skylt að gæta þess að þessi réttindi séu virt?
 - Hver ákveður hvað gera skal ef einhver brýtur einhverja af reglum hópans?
 - Þarf hópurinn að vinna saman að því að setja viðurlög ef einhverjar reglur eru brotnar?

Samantekt og mat

1. Fjallaðu um hvaða máli það skiptir börnin að vera með reglur fyrir hópinn sem þau bjuggu sjálf til. Bentu þeim á hve líkt það ferli er lagasetningu í lýðræðisþjóðfélagi.
- Er gott fyrir hópinn að vera með stjórnarskrá?
 - Hverju breytir það fyrir hópinn að hafa búið til eigin reglur?

Tillögur um framhald

- Hægt er að fá hverju barni eintak af stjórnarskrá hópans til eignar.
- Þegar deilur eða vandamál koma upp í hópnum skaltu reyna að nota þessa stjórnarskrá til að leysa úr vandanum. Raunveruleg vandamál sýna oft að nauðsynlegt er að endurskoða stjórnarskrána.
- Ef til vill mætti vinna áfram með 2. skrefið í öðrum áfanganum til að gera börnin fær um að setja í sameiningu fram viðurlög við brotum á reglum.
- Láttu börnin fá eintök af stytta útgáfunni af Barnasáttmálanum á bls. 288. Segðu þeim að bera saman eigin stjórnarskrá og þennan sáttmála sem gildir fyrir öll börn veraldar. Eru einhver réttindi og skyldur í Barnasáttmálanum sem þau vilja setja inn í stjórnarskrána sína?
- Ræddu við eldri börnin um það hvort krakkar þurfi á sérstökum sáttmála að halda sem kveður á um réttindi þeirra. Njóta börn annars konar mannréttinda en fullorðnir? Hafa þau aðrar skyldur? Fáðu börnin til að skilja samhengið milli ábyrgðar og grundvallarreglu Barnasáttmálans um vaxandi þroska.
- „Hvert atkvæði skiptir máli“, bls. 107, er verkefni sem þjálfar börn í því að taka lýðræðislegar ákvarðanir og tilvalið er að vinna það í framhaldinu.



Hugmyndir um aðgerðir

- Segðu börnunum að kanna hvort skólinn þeirra, íþróttafélagið eða tómstundaklúbburinn fylgi einhverri stefnu eða reglum um að réttinda barna skuli gætt, og hvort viðkomandi reglur kveði einnig á um skyldur þeirra. Ef svo er skaltu biðja þau að velja þessum reglum fyrir sér:
 - Hver bjó þær til?
 - Eruð þið sammála þessum reglum?
 - Er hægt að breyta þeim? Ef svo er, hvernig?
 - Hvað gerist ef fólk fer ekki að þessum reglum?

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Ekki er víst að öll börn þekki hugtakið „stjórnarskrá“. Þú ræður hvort þú notar það orð (1. áfangi, 4. skref) eða velur að kalla skjalið einfaldlega „reglur okkar og skyldur“. En einnig geturðu kynnt fyrir börnunum hvað felst í hugtakinu stjórnarskrá áður en verkefnið er unnið með því að biðja þau að leita svara við eftirfarandi spurningum:
 - Er stjórnarskrá í landinu okkar?
 - Hvað stendur í stjórnarskránni okkar?
 - Hver samdi hana? Hvenær var hún samin?
 - Hver fylgist með því hvort allir virða hana?
 - Hvað gerist ef einhver fer ekki að stjórnarskránni okkar?
- Mörg börn hafa neikvætt viðhorf gagnvart reglum og finnst þær aðeins hamla frelsi sínu. Þú kannt að þurfa að taka smátíma í að ræða um og nefna dæmi um að reglur séu nauðsynlegar til að fólk geti lifað saman í sátt og samlyndi.
- Lítil börn þurfa kannski aðstoð við að greina á milli þeirrar skyldu sem felst í persónulegum skuldbindingum gagnvart öðrum (t.d. hjálpast að, virða ólík sjónarmið, beita ekki ofbeldi) og þeirra skylduverka sem fullorðnir ætlast til af þeim (t.d. burstu tennur, búa um rúmið sitt, rétta upp hönd í skólanum, vinna heimaverkefni sín).
- Leggðu áherslu á samhengið milli réttinda og hlutverks/skyldu hvers einstaklings, barna jafnt sem fullorðinna. Nefndu einnig að skylt sé að halda uppi reglum og virða þær.

Breytingar

- Haltu þig við tiltekin atriði svo að þetta verkefni henti yngri börnunum:
 - Beindu umræðunum að réttindum og skyldum.
 - Ekki fjalla um flóknar reglur, eftirfylgni reglna og ábyrgð þar að lútandi.
- Þegar um eldri aldurshóp er að ræða er hægt að fjalla nánar um tengslin milli réttinda, reglna og skyldna með spurningum á borð við:
 - Hver eru tengslin milli réttinda og reglna?
 - Hver er munurinn á reglum og skyldum?

